

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 17

Dags. 2.3.2011

Fundur í Skipulags og Umhverfisnefnd 02/03/2011

Mættir eru allir aðalmenn.

1. Erindi frá Ferðafélagi Húsavíkur undirritað af Ingvari Sveinbjörnssyni formanni.

Félagið óskar eftir viðræðum við sveitarstjórn Þingeyjarsveitar um byggingu gönguskála í landi Hofs á Flateyjarðal.

Nefndin tekur jákvætt í erindið en leggur til við sveitarstjórn að það svæði í landi Hofs sem ætlað er undir aðstöðu fyrir ferðamenn samkvæmt aðalskipulagi verði deiliskipulagt. Og hugað sérstaklega friðlýstum minjum áður en framkvæmdir hefjast.

2. Erindi frá Sölva Jónssyni Baughóli 13 á Húsavík.

Óskað er eftir leyfi til að endurbyggja hlöðu sem stendur við Berg í Flatey með breytingum á gluggaskipan.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið en beinir því til sveitarstjórnar að framkvæmdir verði í samræmi við ákvæði í hverfisvernd á Flatey samkvæmt aðalskipulagi.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að landeigandi láti deiliskipuleggja eyjuna í samræmi við aðalskipulag.

3. Deiliskipulag Skógum.

Tekin fyrir að nýju deiliskipulagstillaga frístundabyggðar að Skógum, Fnjóskadal, dagsett m. Br.14.12.2009 ásamt greinargerð. Tekið hefur verið tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar. Fyrir liggja umsagnir Fornleifaverndar ríkisins, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að fyrirliggjandi skipulagstillaga verði samþykkt.

4. Kynning á deiliskipulagi á Þeystareykjum.

Á fundinn mætti Árni Ólafsson frá Teiknistofu arkitekta sem er að vinna deiliskipulagstillögu af orkuvinnslusvæðinu á Þeystareykjum fyrir Þeystareyki ehf. og kynnti drög að verkáætlun vegna deiliskipulagsgerðarinnar.

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson